

Íslands – Háskólabókasafns. Ákveðið var að hefja þessar kannanir í bókasöfnum framhaldsskólanna.

Vinnuhóp skipuðu Áslaug Agnarsdóttir, Halldóra Þorsteinsdóttir, Ingibjörg Árnadóttir, Stefanía Arnórsdóttir og Þóra Gylfadóttir, síðar bættist Bryndís Ísakssdóttir í hópinn. Könnunina hannaði Elín Sigurðardóttir sem útskrifaðist með BA í félagsfræði vorið 2002 en safnið hlaut styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til ráðningar starfsmanns. Starfsmenn Félagsvísindastofnunar fóru yfir könnunina og komu með gagnlegar ábendingar áður en gengið var frá henni endanlega.

Spurt var um aldur og kyn forstöðufólks og kom í ljós að af 25 sem svöruðu var einn karlmaður, meðalaldur svarenda var 45 ár og 20 reyndust vera bókasafns- og upplýsingafræðingar. Könnuð var notkun svarenda á www.hvar.is, gerð leiðbeiningaefnis, námskeiðahald fyrir nemendur og kennara og notkun þessara hópa á hvar.is í tengslum við heimildaleit. Einnig var spurt hvernig svarhópur hefði frétt af hvar.is, hvort kynningu væri nægilega sinnt og hvernig ætti að standa að henni, ef þess gerðist þörf. Undirrituð og Þóra Gylfadóttir unnu úr könnuninni.

Rúmlega helmingur svarenda reyndist vera með beinan tengil í hvar.is á vef bókasafns eða skóla en aðrir eru beintengdir við ákveðin gagnasöfn, s.s. *ProQuest* og *Literature Online* en mestra vinsælda nýtur *Britannica Online*. Fátítt er að haldin séu sérstök námskeið um vefinn og notkun hans, hvort sem um er að ræða nemendur eða kennara. Algengara er að leiðbeiningar um notkun hans séu hluti af öðrum námskeiðum og mikið er bent á vefinn í sambandi við heimildaleit. Lífsleikni, listir og saga eru greinar sem samkvæmt svörunum tengjast mest notkuninni. Flestir voru á því að það væri hentugt eða mjög hentugt að nota www.hvar.is.

Fleiri kannanir voru hannaðar, t.a.m. á þjónustu Landbókasafns Íslands – Háskólabókasafns við notendur og er það von vinnuhópsins að hægt verði að framkvæma þær áður en langt um líður.

Stefanía Arnórsdóttir

Það þokast — fréttir af nýja Gegni

Í janúar síðastliðnum sögðum við frá því með nokkru stolti á vef Landskerfisins (www.landskerfi.is) að British Library hefði ákveðið að taka upp Aleph 500 bókasafnskerfið frá Ex Libris og töldum það frekari sönnun á ágæti þessa kerfis sem á nú að innleiða á þorra íslenskra bókasafna. Brátt læddist þó að manni sú hugsun að kannski væri þetta ekki einbert fagnaðarefni því þetta gæti ruglað félaga okkar á Lundúnaskrifstofu Ex Libris í ríminu; þeir gætu nefnilega farið að týna sér í bókarekkum þjóðbókasafnsins breska í stað þess að vinna fyrir okkur.

En hvar stendur innleiðing nýja Gegnis nú?

Staðan er í megindráttum sú að vefurinn er tilbúinn, starfsmannaviðmótið er tilbúið og tveir meginþættir þess, útlán og leitir, hafa verið íslenskaðir og netþjónarnir eru löngu tilbúnir. Það sem tefur er flutningur gagna úr gamla Gegni sem hefur reynst miklu tímafrekari en áður var ætlað.

Vegna þeirra villna, sem enn voru í gögnunum, reyndist ekki unnt að opna kerfið í febrúarlok 2003 eins og áður hafði verið ráðgert. Bókfræðifærslur voru komnar í all-gott horf en svo miklir gallar voru á eintakafærslum að ekki hefði verið hægt að lána út í kerfinu og því tilgangslaust að opna það að svo stöddu.

Álitleg sveit manna hefur unnið að flutningi gagnanna í Þjóðarbókhloðunni undir verkstjórn Sigrúnar Hauksdóttur og í samvinnu við verkefnistjóra í London og for-

ritara í Póllandi. Ýmislegt hefur orðið til að tefja verkið en samstarfsfyrirtæki okkar, Ex Libris, brást vel við málaleitan okkar og sendi verkefnisstjórn og forritarann hingað til tveggja vikna dvalar í síðari hluta mars. Var þeim fyrirlagt að koma gagnaflutningnum í höfn með hinu íslenska einvalaliði ef þess væri nokkur kostur.

Þegar þetta er skrifað situr þessi sveit manna í vinnubúðum í Þjóðarbókhlöðunni og eltir uppi villurnar en minni spámenn reyna að þvælast ekki fyrir.

Takist nú þessi ráðagerð að leysa þau vandamál, sem eftir standa í gagnayfirfærslunni á næstu tveimur vikum, þá eykst bjartsýni okkar á að nýjasta tímaplanið standist, en samkvæmt því á að opna kerfið í maí 2003. Í ljósi fenginnar reynslu er best að gera fyrirvara. Sitthvað gæti brugðist og maður vonar bara það besta.

En eitt er þó ljóst: Allir sem hafa prófað vefviðmótt kerfisins undanfarnar vikur sjá að það er frábært og að það verður til verulegra bóta fyrir notendur íslenskra bókasafna.

Arni Sigurjónsson
Landskerfi bókasafna (www.landskerfi.is)

Stjórnarfundur NVBF haldinn í Oslo 21. mars 2003

NVBF (Samband félaga norrænna rannsóknarbókavarða) hélt fyrri stjórnarfund þessa árs í Oslo 21. mars síðastliðinn og er hér stiklað á stóru um efni hans.

Þarna bar helst til tiðinda að tillögur stjórnar NVBF um að hætta að boða til almennra félagsfunda (medlemsmøter) þriðja hvert ár hafa verið samþykktar í öllum aðildarfélögum NVBF. Á þessum fundum fóru fram stjórnarformannsskipti en engar kosningar enda eru stjórnarmenn skipaðir af aðildarfélögum og flutt var skýrsla þriggja undangenginna ára. Færri og færri hafa sýnt þessum fundum áhuga eða sótt þá og þóttu þeir orðnir tímaskekkja. Þriggja ára skýrslan verður hér eftir birt á heimasíðu NVBF og send til aðildarfélaga og væntanlega birt í málögnum félaganna eða á vefsíðum þeirra.

Fyrir fundinum lágu drög að framkvæmdaáætlun næstu þriggja ára og fjárhagsáætlun ársins 2004. Efst á baugi eru eins og áður kynningarmál, ráðstefnuhald og námsferðir. Einnig er fyrirhugað að veita aftur veforðu NVBF á næsta ári. Ferðastyrkir til kynnisferða einstaklinga verða næst auglýstir í haust og eru áhugasamir eindregið hvattir til að sækja um þá. Gengið var frá ráðningu Poul Erlandsen í fast starf sem umsjónarmanns ýmissa verkefna á vegum NVBF.

Næstu námsferðir á vegum NVBF hafa nýlega verið auglýstar á Skruddu, til Kanada nú í júní og á millisafnalánaráðstefnu til Canberra í Ástralíu í október nk.

Tvær ráðstefnur verða haldnar á þessu ári: *NVBF konference om Performance Measurement in ILL* í Oslo í lok apríl og *Har jag rätt att låna um höfundarréttarmál og skyld málefni* í Åbo í Finnlandi í byrjun september.

Á fundinum var einnig farið yfir mat þátttakenda á ráðstefnu NVBF um millisafnalán sem haldin var í Reykjavík í október síðastliðinn. Það var í alla staði mjög jákvætt. Nokkrir fyrirlestrar frá ráðstefnunni hafa nú birst í *DF-Revy* og aðrir eru á heimasíðu ráðstefnunnar, <http://www.bokis.is/nordill/>, krækja í þá síðu er á heimasíðu NVBF, sjá <http://www.dpb.dpu.dk/nvbf/nvbf.html>.

Í síðasta pistli mínum um NVBF nefndi ég að rætt hefði verið hvort tímabært væri að kenna áhuga bókavarðafélaga í Eystrasaltslöndum á samvinnu við NVBF. Við nánari umræður var ákveðið að láta það ógert en halda sig við þá hefð sem komin er á